



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

11. árgangur 3.tbl.

Mars 2014

HJÓNABALL 22.mars '14

Atburðir síðustu mánaða verða litnir í spéspegli og ýmis atvik sem hafa gerst og ekki gerst krydduð með leikrænum tilprifum í bland við glens,háð og Húsatóftahumor!

Húsið opnar 20:00, borðhald hefst 20:30

Ath. pokaball, drykkjarföng á eigin vegum

Hin stórgóða sveit **Sófar** spilar fyrir dansi

Óbreytt miðaverð kr. 6.500,-

Miðapantanir í sínum 8493828, 4865618

og á hjonaball2014@gmail.com fyrir

18.mars. Miðasala verður í sundlauginni

fimmtudag 13.mars, 20:00-22:00

Nefndin





Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnosi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. apríl. 2014.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**
Opið öll fimmtudagskvöld kl.20:00—22:00.

Munið lúguna! - Alltaf hægt að skila.

Bækur fyrir unga sem aldna.



S: 486-5505 bokasafn@skeidgnup.is

www.gegnir.is



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 892- 8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. -fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Fréttir frá Þjórsárskóla

Menningarferð til Reykjavíkur

Miðvikudaginn 12. febrúar fóru nemendur og starfsfólk í ferð til Reykjavíkur. Fyrst fórum við í Hörpu á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Spiluð var kvikmyndatónlist og kynnrir var Góí og vakti þessi sýning mikla lukku meðal nemenda. Þá var ferðinni haldið niður í Laugardal, í Skautahöllina, þar sem borðaðar voru dýrindis pítsur og síðan farið á skauta. Vel heppnuð ferð og gaman að segja frá því að rútubílstjórinn hrósaði nemendum og skólanum fyrir gott skipulag og kurteisi.

Lífshlaupið

Skólinn tók þátt í lífshlaupinu sem ætlað er til þess að stuðla að aukinni hreyfingu. Ákveðið var því að fara í göngutúr og bjóða foreldrum og aðstandendum með okkur. Veðrið var fallegt en kalt og upplagt til útivistar. Gengum við upp með ísilagðri Kálfá.



Öskudagurinn

Ökudaginn héldum við hátíðlegan að vanda. Nemendur og starfsmenn mættu flestir óvenju skrautlegir að morgni. Jón Bjarnason hélt uppi fjöri í Árnosi af sinni alkunnu sníld. Þar dönsuðu nemendur og starfsfólk af mikilli innlifun. Kötturinn var sleginn úr tunnunni og síðan fengu allir snakk og gos í boði foreldrafélagsins. Allir voru sælir og glaðir að lokinni skemmtun.



Öskudagur



Stóra upplestrarkeppnin

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í uppsveitunum og Flóa var haldin í Árnesi föstudaginn 6. mars kl. 14.00. Bergsveinn og Einar Ágúst kepptu fyrir hönd Þjórsárskóla. Þeir stóðu sig með prýði og fluttu textann af öryggi og innlifun. Sigurvegari var Guðbrandur Örn frá Flúðaskóla. Kær kveðja. Kristín og Bolette.



Á myndinni eru f.v. talið Sigurður Leifsson, Bergsveinn Ásmundsson og Einar Ágúst Ingvarsson ásamt Kjartani kennara.



Sumarstörf í Neslaug og Skeiðalaug!



Starfsfólk vantar til starfa sumarið 2014 við sundlaugar sveitarfélagsins.

Um er að ræða hlutastörf um helgar en einnig aðra daga!

Upplýsingar veitir Eypór í síma 897-1112

Leið 76

**Strætó frá Árnesi
kl. 16:22 að Flúðum**

Strætó á Selfoss

**Ný leið frá Flúðum kl. 17:02
um Árnes frá Sandlækjarholti
kl. 17:11**

**með Strætó Alla virka daga!
— Uppl. hjá
www.straeto.is**

ALLA VIRKA DAGA

Frá Árnesi

tvisvar á dag.

kl. 7:27 og 16:22

Frá Sandlækjarholti

kl. 7:34 og 16:29

Frá Sandlækjarholti

kl. 7:36 og 16:31

Koma í Árnes

kl. 7:43 og 16:30

Farið frá Félagsheimilinu Árnesi strætómerki!

Frekari upplýsingar www.straeto.is

Sími bílstjóra, morgunferð Árnes 848-1618

Sími bílstjóra, síðdegi Árnes 893-4426

**Strætó á Selfoss frá Flúðum alla virka daga 17:02 og 17:11
frá Sandlækjarholti!**

Fatamarkaðurinn í Bugðugerði 7b, Árnesi!

**Til sölu “Second hand” A flokkur af fötum á konur,
karla og krakka! - Eitthvað handa öllum!**

Tvö verð á barnafötunum kr. 500,- og 1.000,-

Fullorðinsstærðir kr. 1.500,- stk

Irma Eliza Diaz Cruz, S. 663-0289.

Aðalfundur

Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn í bókasafninu í Brautarholti

þriðjudaginn **25. mars 2014 kl. 20:30.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

- fundargerð síðasta fundar
- farið yfir reikninga félagsins
- skýrsla stjórnar
- kosningar, gjaldkeri félagsins gefur ekki kost á sér til endurkjörs.
- önnur mál.



Allar konur hjartanlega velkomnar!
Stjórnin.

Landnámsdagur 2014

Verður haldinn 14. júní í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þetta er í fimmta skipti sem Landnámsdagur er haldinn, og nýtur hann sívaxandi vinsælda.

Undirbúningsnefnd var skipuð af sveitarstjórn sem í eru þau:

Eyþór Brynjólfsson Hamragerði, 897-1112 eythorb@gmail.com

Þóra Þórarinsdóttir, Haga, thora29@gmail.com

Valgerður Auðunsdóttir Húsatóftum, valhus@uppsveitir.is

Hildur Lilja Guðmundsdóttir Bugðugerði 5a hiljan@gmail.com

Birna Þorsteinsdóttir Reykjum.

Birna baðst undan setu í nefndinni sökum anna og

Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Hlemmiskeiði tók við. snjo63@gmail.com

Sem fyrr verða viðburðir á víð og dreif um sveitina og reynt að viðhalda sérstöðu Landnámsdags og eru þegar ýmsar hugmyndir um dagskrárliði til umræðu. Öllum sveitungum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi gefst kostur á að koma með hugmyndir og taka þátt í Landnámsdegi. Áhugasamir hafi samband við undirbúningsnefnd.

Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl 09:00 - 10:30

laugardaga kl 10:00 - 12:00



Brautarholt: miðvikud. kl 09:00 – 10:30

laugardaga kl 13:00 - 15:00


Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahæjum utan auglýsts opnunartíma **hikið ekki** við að hafa samband í síma **893-4426**.

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði



Sárabót— fyrir alla. Góða minkakremið komið aftur!

Sárabót er alhliða græðandi smyrsl unnið úr minkafitu og íslenskum jurtum. Það hefur gert kraftaverk á exemi, útbrotum og er mjög gott fyrir brunasár. Sárabót er bæði fyrir menn og skepnur.

Höfum til sölu þetta frábæra krem.

Katrín og Stefán, Ásaskóla.

S: 4866047 - 8986047- 8658776.



Árshátíð!

Föstudaginn 14. mars verður árshátíð Þjórsárskóla haldin í Árnesi kl. 20.00. Sýndir verða leikþættir sem byggðir eru á indverskum þjóðsögum um dýrin í Afríku.

Einnig verða dansar og söngvar í afrískum og indverskum stíl.

Komið og gleðjist með okkur.

Allir eru velkomnir.

Nemendur og kennarar Þjórsárskóla.



Stofnfundur Lionsklúbbs

í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Undanfarnar vikur hefur staðið yfir undirbúningur að stofnun

Lionsklúbbs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Lionsklúbburinn Geysir hefur haft veg og vanda að því að kynna starfsemi Lions í sveitarfélaginu.

Ákveðið hefur verið að stofnfundur Lions í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði haldinn þann 31. mars 2014 á Hestakránni, kl. 20:00.

Stofnfélagar verða teknir inn í

Lions hreyfinguna við hátíðlega athöfn

og nafn félagsins verður ákveðið.

Undirbúningsnefndin.





Leikholt mars 2014

Komiði sæl!

Allt gott að fréttu úr Leikholti. Það er margt sem börn og starfsfólk fæst við í leikskólanum m.a. myndlist, tónlist, leikfimi í salnum, vísindi, lífsleikni, lýðræði og margt fleira. Það má segja að leikskólinn okkar sé nokkuð fjölmenningalegur því í leikskólanum er 31 barn og af þeim tengjast 11 öðrum löndum. Löndin eru: Danmörk, Noregur, Finnland, Álandseyjar, Svíþjóð, Pólland, Lettland og Hondúras. Börnin læra heilmikið um fjölmenningu hjá henni Sirrý og sjá má myndverk eftir hópana á veggnum upp stigann í Leikholti.

Börnin eru alsæl með snjóinn ☺ sem kominn er. Nú er hægt að fara út á stóra leikvöll og renna, loksins!

Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur í Leikholti miðvikudaginn 5. mars sl. Börn og starfsfólk mættu um morguninn í fjölbreyttum búningum. Þennan dag voru ýmsar kynjaverur á ferðinni eins og draugur, fiðrildi, prinsessur, trúðar, ljón, skrímsli og fleira. Mikið fjör og gaman. Eftir hádegi var farið í salinn og þar var kötturinn sleginn úr tunnunni. Síðan var dansað og leikið með blöðrur. Euróvisjón lögin voru m.a. spiluð ☺ mjög vinsælt.



< Smáholt:

F.v. Elín Victoría,
Jörundur, Tina,
Aron Einar,

Guðmundur Kári,
Bára Ingibjörg og
Oliwia.

Hundahópur: >

Már Óskar, Magnús Örn, Sara Björk, Árún Emma, Silvía Rún, Óðinn Þór og Snorri.



< Kjúklingahópur:

Casper, Valgeir Örn, Tristan, Bergur Tjörvi, Jóhann Ívar, Hekla Sigurborg og Ari.
(Vantar Ástríði Sólveigu.)



Ljónahópur: >

Grímur Freyr, Jón Hilmar, Saga María, Sindri Snær, Vésteinn, Eyþór Ingi, Baldur Már, Hrafnkell Flóki og Anton Óskar.

Kær kveðja frá okkur öllum í Leikholti, Sigríður Björk leikskólastjóri.



Sáðvörulistinn 2014

Grasfræ	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Vallarfoxgras	Vega	25-30	25	
Vallarfoxgras	Grindstad	25-30	25	
Vallarfoxgras	Tuukka	25-30	25	
Vallarsveifgras	Sobra	18-20	25	
Túnvingull	Gondolin	20-25	18	
Hávingull	Pradel	20-25	25	
Stólpablanda I	Fyrir kýr	25-30	25	
Stólpablanda II	Fyrir fé og beit	25-30	25	
Stólpablanda III	Uppskerublanda	25-30	25	

Innihald í blöndum

Stólpablanda I

60% Vallarfoxgras Tuukka
25% Vallarfoxgras Tenho
10% Vallarsveifgras Baron
5% Fjölært rýgresi Barpasto

Stólpablanda II

50% Vallarfoxgras Tuukka
20% Vallarfoxgras Tenho
30% Vallarsveifgras Baron

Stólpablanda III

40% Vallarfoxgras Tuukka
20% Vallarfoxgras Tenho
30% Hávingull Pradel
10% Fjölært rýgresi Barpasto

Grænfóðurfræ	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Fjölært rýgresi	Calibra	35	25	
Sumarrýgresi	Barspectra	35	25	
Sumarrýgresi	Jivet	35	25	
Vetrarrýgresi	Barmultra	35	25	
Vetrarrýgresi	Jeanne	35	25	
Sumarrepja	Pluto	15	25	
Vetrarrepja	Barcoli	10-12	25	

Belgjurtir	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Ertur	Ingrid	200-225	40	
Hvítmári	Rivandel	5 - 6	10	
Rauðsmári	Justin	5 - 6	10	

Hafrar	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Grænfóðurhafrar	Domenic	180-200	40	
Hafrar til þroska	Cilla	180-200	30	

Bygg til þroska	Yrki	kg/ha	kg/sekk	Pöntun kg
Bygg 6 raða	Voitto	180-200	30/700	
Bygg 6 raða	Aukusti	180-200	30/700	
Bygg 2 raða	Filippa	180-200	700	

Ertandi fróðleikur



Ertur (*Pisum sativum*)

Landstólpi hefur í nokkur ár flutt inn ertufræ og það hefur gefið góða raun að sá hálfu sáðmagni af ertum (80 - 100 kg) með fullum skammti af grasfræi. Með því fæst gróðarmikil uppskera og sérlega steinefnaríkt fóður.

Voitto 6 raða korn

Snemmsprottið sex raða korn sem gefur mikla uppskeru í góðu ári og meðalgóðu ári. Voitto er með framúrskarandi korngæði og háa þúsund korna þyngd.

Aukusti 6 raða korn

Snemmsprottið sex raða korn sem gefur mikla uppskeru í góðu ári og meðalgóðu ári. Aukusti gefur háa þúsund korna þyngd og góð korngæði.



Gunnbjarnarhötti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Leiksýningin Fjalla -Eyvindur

Fjalla-Eyvindur er nýjasta leikrit
Kómediuleikhússins og var
frumsýnt í lok síðasta árs.

Leikurinn hefur fengið afar
góðar viðtökur enda er hér um
að ræða sögulega sýningu um
mikinn kappa.

Fjalla-Eyvindur var í útleigð í ein
fjörtíu ár á hinni myrku og
erfiðu átjándu öld. Hann fór víða
m.a. til Vestfjarða þar sem hann
kynntist lífsförunauti sínum
henni Höllu frá Jökulfjörðum.

Slík var ástin að hún fór með

honum í útleigðina og voru þau á flakki um landið í tvo áratugi.

Þó um háalvarlega sögu sé að ræða þá er leikritið Fjalla-Eyvindur létt
og skemmtilegt stykki. Jafnval bara gamanleikur.

Enda er nú gamanleikurinn jafnan sterkasta vopnið í harmleiknum.

Verkið verður nú sýnt í heimabyggð en Eyvindur er fæddur að Hlíð í
Hrunamannahreppi.



Sýningin verður í Félagsheimili Hrunamanna
sunnudaginn 16. mars kl 14:00.

Miðaverð er 1000,- kr fyrir fullorðna og
500,- kr fyrir börn að 16 ára aldri.

Miðar verða seldir við innganginn.

Hlökkum til að sjá ykkur

Ferða- og menningarmálanefnd Hrunamannahrepps.

**55. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn
11. mars 2014 kl. 13:00.**

Mætt til fundar: Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson og Einar Bjarnason er mætti í forföllum Hörpu Dísar Harðardóttur. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð. Svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að eitt mál yrði fært til á dagskrá og gert að sérlið. Mál nr. 13. Fyrirspurn vegna Réttarholts 1 lnr. 166587. Var það samþykkt samhljóða. Gögn vegna málsins höfðu áður verið lögð fram undir lið nr. 2.

1. Erindi frá Báru Guðjónsdóttur. Bára Guðjónsdóttir óskar eftir að stofna lögbylið Álfaskeið. Um er að ræða spildu úr landi Álfstaða/Engjateigs. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti stofnun lögbylisins með fyrirvara.
2. Fundargerð 66. Fundar Skipulagsnefndar. Mál 1, 14 og 15 þarfnast staðfestingar.

Mál 5. lagt fram til kynningar.

Mál nr. 1. Fyrirspurn 1 Réttarholt –tjaldsvæði. Ekki er gerð athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir sveitarstjórn að fela skipulagsfulltrúa að kynna fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í að 2 ha spilda úr landi Réttarholts breytist úr landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr 14. Askb Skeiða- og Gnúp- Stækkun Búrfellsvirkjunar. Ekki er gerð athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og tekið undir að athugasemdir stofnunarinnar verði teknar til skoðunar við áframhald vinnu við gerð aðalskipulagsbreytinga og að ekki sé þörf á að vinna að rammahluta aðalskipulags fyrir allt iðnaðarsvæðið. Skipulagsfulltrúa falið að vinna áfram að aðalskipulagsbreytingu.

Mál nr 15. Dskbr Álfstaðir- Engjateigur. Ekki er gerð athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og afgreiðslu málsins verði frestað þar til nákvæmari gögn liggja fyrir um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi svæðisins. Stofnun lögbylis samþykkt með fyrirvara um breytingu á skipulagi svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti stofnun lögbylis.

3. Umsögn um leyfi til veitingareksturs. Sigfús Brynjar Sigfússon Vestra- Geldingaholti. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umbeðið leyfi.

4. Ferðakostnaður vistmanna í Skaftholti. Beiðni um þátttöku. Beiðni barst frá Velferðarnefnd Árnesinga um greiðslur sveitarfélags til Skaftholts sjálfseigna- stofnunar vegna liðveislu og aksturs frá og með 01. febrúar 2014 sem nemi

5 tímum, eða alls 40 tímum á mánuði. Auk þess er óskað eftir að greiddur verði akstur sem nemur 600 km pr mán.kr. 116 kr pr km. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina samhljóða. Samtals nemi kostnaðarþátttaka fyrir 11 mánuði ársins kr. 1.586.274 á ári.

5. Íþróttasamstarf við Hrunamenn. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu: Um nokkurt skeið hafa drög að samningi um íþróttasamstarf milli Hrunmanna hrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps verið til skoðunar. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að skipa þriggja manna starfs hóp er fjalli um fyrirkomulag á samstarfi við Hrunamannahrepp um íþróttamál. Í starfshópnum sitji Oddviti, einn fulltrúi Ungmennafélags Gnúpverja og einn fulltrúi Ungmennafélags Skeiða. Samþykkt samhljóða.
6. 32.Fundargerð Skólanefndar leikskólamál. Fundargerð staðfest. Sveitarstjórn óskar eftir að skólanefnd skoði hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi og upphæðum á akstursstyrk til foreldra leikskólabarna.
7. 31.Fundargerð Skólanefndar grunnskólamál .Fundargerð staðfest.
8. Skólastefna. Fundargerð staðfest.
9. Ytra-mat Þjórsárskóla. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með vinnubrögð og niðurstöðu ytra mats. Unnin hefur verið umbótaáætlun af stjórnendum Þjórsárskóla í kjölfar niðurstöðu ytra mats. Ytra- mat og umbótaáætlun staðfest.
- 10.Ungt fólk og lýðræði. Beiðni um styrk. Beiðni hafnað.
- 11.Beiðni um styrk frá uppsveitadeild Loga, Trausta og Smára. Uppsveitadeild er mótaröð sem keppir í hestaíþróttum. Lögð var fram beiðni um styrk að 50.000 kr til kaupa á verðlaunafé á umræddum mótum. Styrkbeiðni samþykkt samhljóða.
- 12.Skýrsla rannsóknarnefndar umferðaslysa. Lögð fram og kynnt. Nokkur umræða varð um umferðaröryggi á vegum í sveitarfélaginu. Lögð var áhersla á að fylgt verði eftir umbótum í vegaöryggismálum.
- 13.Fyrirspurn vegna Réttarholts 1 lnr. 166587 vegna fyrirhugaðs tjaldsvæðis. Eigandi lands leggur fyrir sveitarstjórn að svara hvort samþykkt verði bráðabirgðaleyfi fyrir tjaldsvæði sumarið 2014, ef ekki takist að ljúka við breytingu á aðal-og deiliskipulagi svæðisins fyrir sumarið. Sveitarstjórn hafnar því. Auk þess er spurt af eiganda lands hvort eitthvað sé til fyrirstöðu að keyra breytingar á deili- og aðalskipulagi samhliða. Sveitarstjórn svarar því játandi.
- 14.Önnur mál. Oddur Bjarnason vakti máls á að athugasemdarferli vegna Hvammsvirkjunar í neðri hluta í Þjórsá renni út 19. mars næstkomandi.

Mál til kynningar: Sjá næstu síðu.

- A. Stjórnarfundur Sorpstöðvar
- B. Loftlínur og Jarðstrengir.
- C. Staðgreiðslutekjur 2013.
- D. Stjórnarfundur Tónlistarskóla Árnesinga
- E. Verkefnayfirlit sveitarstjóra.
- F. Uppsetning Kjörskrár og kjördeilda.
- G. Ársreikningur Hestamannafélagsins Smára 2012
- H. Matarsmiðja Pistill
- I. Heilbrigðisnefnd 154. Fundur
- J. Framlenging rammasamnings við Ríkiskaup
- K. Ársyfirlit ferðamálafulltrúa
- L. 477 fundur stjórnar SASS.
- M. Aðalfundur Lánsjóðs sveitarfélaga. Beiðni um framboð í stjórn
- N. Viðhorf til gjalddtóku ferðamannastaða.
- O. 812. Fundar stj. Sambands Ísl Sveitarfélaga
- O. 813. Fundur stj. Sambands Ísl sveitarfélaga
- P. 814. Fundur stj. Sambands Ísl sveitarfélaga
- Q. Vegagerðin beiðni um framkvæmdaleyfi við Ísakot
- R. Umsókn um seiðagildru og fiskiteljarastíflu í Kálfá
- S. UMFÍ auglýsing um landsmót
- T. Frumvarp til laga varðar Reykjavíkurlugvöll
- U. Framlög Jöfnunarsjóðs til SKGN 2013

Fundi slitið kl 15 :00

Næsti fundur ákveðinn 01. apríl næstkomandi.



Páskadagur í ár 20. apríl



Stóra-Núpskirkja



Ólafsvallakirkja

**Kirkjubjöllurnar
fást hjá Guðjóni,
Húsatóftum 896-5736
og
Kristjönu, Hraunteigi
863-9518
kr 1.500,- stk.**

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.***





Leiksýningin Unglingurinn í Aratungu 22. mars. Síðasta sýning á Suðurlandi!

Við komum með
Unglinginn til ykkar!

Unglingurinn er frábært nýtt leikverk sem er samið og leikið af unglingum.

Sýningin hefur slegið í gegn.

UNGLINGURINN

er drepfyndið leikrit en á sama tíma mjög einlægt og tekur á öllum helstu málum sem brenna á unglingum í dag. Þó að verkið sé um unglinga er það ekki síður skemmtilegt fyrir foreldra og systkini.

Þetta er tilvalin samverustund fyrir alla fjölskylduna þar sem hláturtaugarnar eru kitlaðar og foreldrar fá smá fræðslu í unglingamálum!

Miðar fást á midi.is og á staðnum eða í síma **565-5900
Miðaverð 2.500 kr., afsláttur veittur þegar pantað er fyrir 16.
mars (símleidis)**

Sunnudagur 22. mars kl. 17.00 Aratunga

Finnið okkur á Facebook: www.facebook.com/unglingurinn

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja

haldinn í sal Þjórsárskóla mánudagskvöldið
24. mars kl:20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Gústav Ásbjörnsson starfsmaður
Landgræðslunnar kemur á fundinn og fer yfir
breytingar á gæðastýringunni í
sauðfjárrækt.

Hvetjum alla sem áhuga hafa á landbótum að
mætta á fundinn.

Stjórnin.



„Leyndardómar Suðurlands“

Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig
til leiks. Skráning í kynningarátak SASS
er í fullum gangi og nú líður að því að
kynning á dagskránni fari af stað af fullum krafti í fjölmiðlum. Þeir
sem hafa áhuga hafi samband sem allra, allra fyrst við ferðamála-
fulltrúa asborg@ismennt.is og 898 1957 Kynningarstjóri
verkefnisins er Magnús Hlynur Hreiðarsson mhh@sudurland.is

Uppsveitakortið 2014

Árleg endurskoðun á Uppsveitakortinu er komin í gang.
Vinsamlegast hafið samband ef einhverjar breytingar eru á þjónustu.
Allar ábendingar vel þegnar asborg@ismennt.is eða 8981957
Saman gerum við gott kort betra.
Kortið er m.a. að finna á www.sveitir.is

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verður

Þjórsárstofa opin laugardaginn 5. apríl

og sunnudaginn 6. apríl frá kl. **11-16**

Í Neslaug verður frítt í sund 5. apríl **kl. 11-16**

og sunnudaginn 6. apríl verður frítt í sund

í Skeiðalaug **kl. 11-16.**

Frítt í Strætó alla dagana frá Reykjavík um allt Suðurland og innan svæðisins.

Leyndardómar Suðurlands eru á Facebook, alltaf nýjar upplýsingar þar.



Helgihaldið í mars og apríl

Guðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju 23. mars kl. 14:00

Fermingarmessur:

í báðum sóknum þann 13. apríl, Pálmasunnudag.

Ólafsvallakirkja kl.11:00

Fermd verða:

Hekla Salóme Magnúsdóttir, Blesastöðum 1a

Matthías Bjarnason, Blesastöðum 2a

Sigríður Lára Jónasdóttir, Brautarholti 10b

Stóra-Núpskirkja kl.14:00

Fermd verða:

Ástráður Unnar Sigurðsson, Skarði

Dísa Björk Birkisdóttir, Hæli 3

Eydís Birta Þrastardóttir, Ásum.

Prestur sr. Eiríkur Jóhannsson, sóknarprestur,

Organisti: Þorbjörg Jóhannsdóttir, Stóra-Núpi



Hátíðar-

Guðsþjónustur

á Páskadag 20. apríl
í báðum kirkjum.

Stóri -Núpur **kl.14:00**

Ólafsvellir **kl. 16:00**

Aðalfundur Ungmennafélags Gnúpverja

verður haldinn í Árnesi sunnudagskvöldið
23. mars kl. 20:00.

Venjulega aðalfundarstörf.

Tilkynnt um val á íþróttamanni ársins 2013 hjá

UMF Gnúpverja og hann verðlaunaður!

Mætum vel og hyllum góða íþróttamenn.

Stjórn UMFG.



Heilsumorgnar í sundlaugunum í mars!

MORGUN - MARS í sundlaugum sveitarfélagsins.

Þetta fer bara vel af stað hjá okkur og nýtið tækifærið og byrjið daginn á heimsókn í sundlaugarnar, takið léttan sundsprett, heitt verður á könnunni og heilsufæði í boði.

Skeiðalaug: þriðjudagsmorgna

18. og 25. mars kl. 07:00- 08:00

í Neslaug fimmtudagsmorgna

20. og 27. mars kl. 07:00—08:00

Nú tökum við þá því!

Sundkveðja.

Eypór.





Við tökum með hestavörubúðina okkar til Íslands!



Josefine & Kainn frá Flugumýri II at the
Pacechampionat ,Germany 2013



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf, verið með að hanna og verið afar vel tekið af keppnisfólki í Svíþjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider ,Bikar (229.000 m. Vsk) og virkislausir hnakkurinn (189.000 m. Vsk) eru báðir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.

Einnig beisli, Biothane taumar og allt fyrir hnakka.

Meiri upplýsingar á <http://www.tolt.nu/butik> (íslensk útgáfa væntanleg)
eða sími 892 8452 Sigfus

*Við erum nýflutt í Vestra-Geldingaholt
velkomin að skoða og prófa hnakka
Sigfus & Josefine*



Staða leikskólastjóra í Undralandi á Flúðum



Í Hrunamannahreppi er laus staða leiksskólastjóra leikskólans Undralands.

Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum.

Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.

Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
 - Fagleg forysta og forysta í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag.
 - Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.

Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 35-40 nemendur í þremur deildum. Sjá nánar á <http://www.undraland.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 780 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfssemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf.

Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stoðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum.

Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 31. mars n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sumarið 2014. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið jon@fludir.is.

Opið bréf til sveitastjórnar.

Eins og mörg önnur sveitarfélög rekur Skeiða- og Gnúpverjahreppur mötuneyti fyrir nemendur sína í leik- og grunnskóla. Mötuneytið er starfrækt í Félagsheimilinu Árnesi, en ekið er með matinn í leikskóla á Brautarholti. Einnig borða kennarar og ýmsir aðrir starfsmenn sveitafélagsins í mötuneytinu en auk þess hafa einhverjir eldri-borgarar nýtt sér þessa þjónustu. Það er þó eitt sem ég er ósáttur við í tengslum við þennan mötuneytisrekstur.

Sveitarfélagið hefur verið að reka matsölu og selja fólki af götunni mat þrátt fyrir að ýmsir aðilar í sveitafélaginu séu að veita sambærilega þjónustu. Til dæmis eru aðeins nokkrir tugir metra frá Árnesi og í Árborg þar sem hægt er að fá ágætis máltíðir á sanngjörnu verði. Ég er ekki að segja að þetta sé ólöglegt en að mínu mati algerlega siðlaust.

Ég óska eftir því að sveitastjórnin færi efnisleg rök fyrir þessari viðbótarstarfsemi og svari á þessum vettvangi undanbragðalaust í næsta fréttabréfi. Ég tel að sú starfsemi sem rekin er í Árborg, bæði verslun og veitingar séu sveitarfélaginu og ferðalöngum gríðarlega mikils virði. Það er því með öllu óskiljanlegt að sveitarstjórn skuli fara gegn þessari starfsemi með þessum hætti í stað þess að hlúa að henni. Það er þó ekki hægt að líta framhjá því að þetta hefur þó nokkurt skemmtanagildi því það er óneitanlega broslegt að sjá þegar helstu frjálshyggjumenn sveitafélagsins mæta í hádegismat á sósíalinn („fram þjáðir menn í þúsund löndum“).

Valdimar Jóhannsson.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plokkun.

Tímapantanir

í síma:

856-1599



Súpufundur Kvenfélagsins

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja verður haldinn
18. mars næstkomandi á Skólaloftinu.

Við byrjum fundinn á því að borða saman súpu

kl. 19.30. A.T.H. breyttur fundartími.

Venjuleg aðalfundarstörf. Athugið að allar stjórnarkonur gefa kost á sér áfram. Hægt er að greiða árgjaldið á fundinum.

Nýjar félagskonur ávallt velkomnar.

Stjórnin.



Á bak við eldavélina!

Einar Einarsson á Leiti var upptekinn einhvers staðar og svaraði ekki kalli þannig að við björgum okkur þennan mánuðinn en ég á von að því að hann komi sterkur inn með eitthvað verulega girnilegt í næsta Fréttabréf.

Set hér eitthvað snögg fyrir veiðimennina á meðan.



Gæsalundir með klettakálspestói.

500 gr gæsalundir eða gæsabringur skornar í strimla.

3 msk. Olía

2-3 poc choy-hausar, spinat eða kínakál,

laufin losuð frá stilkum.

salt og nýmalaður pipar.

2 msk. ristaðar furuhnetur

Klettakálspestó

1 poki klettakál

2 msk. ristaðar furuhnetur

3-4 hvítlaugsgeirar

1 msk sítrónusafi

1 msk ljóst balsamedik

1-2 msk sykur

1 1/2 dl olía

Salt og nýmalaður pipar

Aðferð:

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel saman.

Klettakálspestó passar með öllu og

mætti alltaf vera við höndina.

Mbkv khg.

Aðferð við steikinguna

Steikið gæsalundir/bringur upp úr olíu á vel heitri pönnu í 2 mínútur.

Bætið poc choy-salati við og látið krauma í 1/2 mínútu. Kryddið með salti og pipar. Hellið helmingnum af klettakálspestóinu saman við, stráið furuhnetum yfir og berið fram strax. Restin af sósunni geymist vel í kæli í fimm daga. ☺



Kosningar 2014

Kæru sveitungar. Nú fer að liða að sveitarstjórnarkosningum og tími til að huga að framboðum, en eins og flestir vita þá fékk K listi meira en helming atkvæða og meirihluta kjörinna fulltrúa í síðustu kosningum og unnu vel saman í hreppsnefnd framan af kjörtímabilinu, en því miður kom upp djúpstæður ágreiningur milli fólks sem skipuðu efstu sæti listans sem leiddi endanlega til klofnings hjá þeim fyrir rúmu ári síðan sem við hörmum.

Þrátt fyrir þetta þá teljum við undirritaðir að það sé grundvöllur fyrir framboði sem byggir á sömu gildum og K listinn byggði á í síðustu kosningum og boðum því til almenns fundar í sveitarfélaginu um stofnun hreppsmálafélags sem stendur að framboði.

**Fundurinn verður í Árnesi, í flísal, mánudaginn
24. mars næstkomandi og hefst klukkan 20:30,**

Ari Einarsson, Bjarni Ófeigur Valdimarsson,
Tryggvi Steinarsson, Ólafur F. Leifsson, Einar Bjarnason


Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási
480-1180 Fax: 480-1181 www.laugaras.is
Félagsmálastjóri: María Kristjánsdóttir

Þjórsárdalur og afréttakortið til sölu!

Mynddiskurinn um Þjórsárdal eftir þá Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson. **Kr 1.500,-**

Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-**
Fæst á skrifstofunni í Árnesi.

Posi á staðnum! ☺





Smárafréttir

MARS 2014



Annað Vetrarmót Smára

verður haldið **15. Mars** á svæði félagsins í Torfdal á Flúðum.

Mótið hefst klukkan 14:00 og tekið verður við skráningum á staðnum frá kl 13:00

Keppt verður í eftirfarandi flokkum:

Pollaflokk (9 ára og yngri)

Barnaflokk (10-13 ára)

Unglingaflokk (14-17 ára)

Ungmennaflokk 18-21 árs)

I og II flokk fullorðinna

Unghrossaflokk (hross fædd 2009 og 2010)

**Skráningargjald er 1000kr fyrir
hverja skráningu og greiðist á
staðnum. Friar skráningar í Barna
og Pollaflokk.**

ATH. EKKI POSI Á STAÐNUM.

Þetta er annað mótið af þrem í vetur og mótið mun fara fram með svipuðum hætti og síðast, unghrossaflokkur mun þó fara fram á hringvellingum eins og aðrir flokkar. Eigandi hests og knapi þurfa að vera virkir félagsmenn í Smára svo þátttaka sé gild.

Vonumst til að sjá sem flesta, komum saman og gerum okkur glaðan dag 😊

ÞAD SEM M.A. ER FRAMUNDAN :

28 MARS FIMMGANGUR UPPSVEITAEILD

5 APRÍL 3 VETRARMÓT

APRÍL ÆSKAN OG HESTURINN

16 APRÍL SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA

19 APRÍL UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

25 APRÍL TÖLT OG SKEIÐ UPPSVEITAEILD

1 MAÍ FIRMAKEPPNI

MAÍ HESTHEIMAFERÐ

4 MAÍ UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

MAÍ/JÚNÍ BYRJENDANÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN

22 JÚNÍ BROKK OG SKÖKK

ÁGÚST SUMARBÚÐIR SMÁRA

SEPT/OKT HAUSTFERÐ ÆSKULÝÐSNEFNDAR

*Tímatöflu
og dagskrá má
finna inn á
smari.is*

*Fylgist því vel
með, atburðir geta
færst til eða nýjir
komið inn !*

facebook

Urslit frá fyrsta vetrarmóti sem fór fram 15. febrúar

Þáttaka var góð þrátt fyrir kulda. Mótanefnd þakkar þáttakendum og áhorfendum fyrir skemtilegan dag :)

Pollar:

Eyrún Hjálmarsdóttir/Krækja frá Króki 23v

Börn:

1-2 Þorvaldur Logi Einarsson/Glóð frá Miðfelli 6v

1-2 Þórey Pula Helgadóttir/Bráinn frá Reykjavík 13v

Unglingar:

1. Hekla Salóme Magnúsdóttir/Tinna frá Blesastöðum 6v

2. Viktor Máni Sigurðsson/Muggur frá Kaldbak 5v

3. Helgi Valdimar Sigurðsson/Hugnir frá Skollagróf 9v

Ungmenn:

1. Eiríkur Arnarsson/Kráka frá Sóleyjarbakka 6v

2. Björgvin Ólafsson/Sveipur frá Hrepphólum 7v

3. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir/Eining frá Vorsabæ 8v

4. Gunnlaugur Bjarnason/Jóra frá Húsatóftum 6v

5. Björgvin Viðar Jónsson/Spá frá Álfarósi 11v

6. Guðjón Hrafn Sigurðsson/Sóley frá Syðri-Hofdölum 8v

7. Guðjón Örn Sigurðsson/Gerpla frá Skollagróf 5v

II Flokkur:

1. Rosemarie Þorleifsdóttir/Fursti frá V-Geldingaholti 11v

2. Sigfús Guðmundsson/Vonarneisti frá V-Geldingaholti 7v

3. Kari Torkildsen/Hylling frá Steinsholti 2 7v

I Flokkur:

Þór Steinsson/Eyrún frá Blesastöðum 7v

(kepti sem gestur og hlaut því ekki sæti)

1. Jón William Bjarkason/Framsókn frá Litlu-Gröf 8v

2. Berglind Ágústsdóttir/Reisn frá Blesastöðum 1A 7v

3. Erna Óðinsdóttir/Þöll frá Hvammi 1 7v

4. Bjarni Birgisson/Andrá frá Blesastöðum 2 9v

5. Magga S. Brynjólfssdóttir/Hula frá Tünsbergi 6v

6. Einar Logi Sigurgeirsson/Krapi frá Miðfelli 6v

7. Helgi Kjartansson/Þótti frá Hvammi 1 6v

8. Gunnar Eiríksson/Konsert frá Tünsbergi 6v



Unghrossaflokkur:

1. Ragnar Sölvi Geirsson

Mökkur frá Efra-Langholti 5v

2. Bjarni Birgisson

Kvika frá Blesastöðum 2 5v

3. Berglind Ágústsdóttir

Hera frá Efra-Langholti 5v



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR



REIÐNÁMSKEIÐ OG FLEIRA ...



Hæ krakkar!

Gaman að sjá hvað þið eruð orðin dugleg að æfa og þjálf!

Nú er reiðnámskeiðið með Gunnu komið á fullt og undirbúningur hafinn fyrir

Uppsveitadeild Æskunnar. Rúmlega 20 börn og unglingar frá Smára, Loga og Trausta eru skráð til keppni og viljum við endilega hvetja alla til að koma og klappa fyrir þessum duglegu ungu knöpum okkar!

Fyrir þau sem eru skráð til keppni, verið í sambandi við Guggu á netfangið asatun@simnet.is til að skrá í greinar og skipuleggja æfingartíma. Við erum búin að taka höllina frá fyrir ykkur til æfinga og svo mun Gunna einnig mæta til að fara yfir prógrammið með ykkur.

Fyrsta keppnin er laugardaginn 8. mars og byrjum við á þriggangi barna og fjórgangi unglinga. Knapafundur verður stundvíslega klukkan 12:00 og keppnin sjálf hefst 12:30. Við byrjum á forkeppni í þriggangi og svo strax á eftir forkeppni í fjórgangi. Eftir hlé hefst svo B-úrslit barna, B-úrslit unglinga svo A-úrslit barna og A-úrslit unglinga.

Að þessu sinni höfum við ákveðið að breyta aðeins reglum í stökki í úrslitum barna. Nú stökkva þau ekki ein í úrslitum heldur þeir sem eru í 4. og 5. sæti stökkva saman og þau sem eru í 1. til 3. sæti stökkva saman þetta á við um bæði A og B úrslit.



Sjáumst hress 8. mars til að keppa eða klappa



En það er fleira á döfinni en Uppsveitadeildin.

- **Hestadagar í Reykjavík** verða haldin 3.-6.apríl og hér er linkurinn að dagskránni: <http://www.lhhestar.is/is/vidburdir/hestadagar/dagskra>
- **Hestafjör** verður í Sleipnishöllinni þann 13.apríl. **EN meira um þetta seinna!**

Minum á Reiðnámskeið með Gunnu 9. og 16. mars og 29. og 30. mars

Viljum við biðja foreldra um að ganga frá greiðslu fyrir námskeiðið inn á reikning 325-26-39003 kt. 431088-1509 og senda kvittun á mmelkorka@hotmail.com og er upphæðin **7.500 á barn.**

Vinsamlegast athugið:

Æskulýðsnefndin ákvað að setja upp bara eitt verð fyrir alla í þetta skipti en ítrekar að skrá börnin í félagið, það skiptir miklu máli í úthlutun styrkja til félagsins hve mörg börn eru skráð. **Börn að 16 ára aldri borga EKKI félagsgjald.** Einungis þarf að senda email á smari@smari.is með nafn, kennitölu og heimilisfang. Kærar þakkir!

BESTU KVEÐJUR FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND



ATVINNA - ATVINNA



Meiraprófsbílstjóri óskast, sem getur hafið störf í vor. Upplýsingar Unnar, sími 856-1580.

Bændur - Afleysingar!

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur. Uppl. í **865-7001**
Einar Magnússon.



Brottför úr Reykjavík, Héðinsgata 1 –3

Mánudaga — föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Flutningaþjónusta Unnars. Sími 856-1580



Vantar þig gjöf ? eða gjafir?

Handa frúnni, dótturinni, mömmu, ömmu eða tengdó?

Hef eitthvað til handa þeim öllum.

Handunnir skartgripir úr minkaskinni og roði.

Einnig til perlusaumað jólastkraut.

Hafið samband í síma 486-6047 eða 898-6047.

Katrín í Ásaskóla.



LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

Opnunartími í vetur er frá 11–21 alla daga vikunnar. Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi! <http://www.fontana.is>

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18

LAUGARDAGA 11-14

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

Tilboð á Josera Supramil kálfamjólkurdufti á meðan birgðir endast

Þú kaupir 10 poka af Supramil kálfamjólkurdufti og færð 11. pokann frian



**Verð pr/líter af
kálfamjólk
kr. 39,- án vsk.***

Heyrúlluskeri plast- og netskrælari

Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.



Sterkur - Öflugur - Léttur

P4 Rapid beiðslisprófið

P4 Rapid er eitt fyrsta beiðslisprófið sem nýtir háþróaða tækni til að greina með mjög nákvæmum hætti beiðsli hjá kúm.



- Gefur 98% nákvæmni við að greina beiðsli
- Greinir misheppnaða sæðingu á 19. – 23. degi.
- Hindrar að sætt sé á röngum tíma
- Hindrar sæðingu ef kýr eru með fangi
- Kemur í veg fyrir ranga burðardagsetningu

- Nauðsynlegt hjálpartæki í básafjösum
- Eykur framleiðni í fjósinu
- Mjög einfalt í notkun
- Litill tilkostnaður
- Auðveldar greiningu á dulbeiðsli



Tilboð á sagi

**Þú kaupir tíu balla
af sagi og færð
tvo balla fría**

**Tilboðsverð pr/balli
kr. 1.560 án/vsk**



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnunartími sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



Neslaug

S: 486-6117

Þriðjudaga:

18 — 22

Laugardaga:

11 — 16

Heilsumorgna-mars í Neslaug!

Syndum á fimmtudagsmorgnum

20. og 27. mars Kl. 07.00 - 08:00.

Skeiðalaug

S: 486 550

Fimmtudaga:

18 — 22

Heilsumorgna-mars í Skeiðalaug!

Syndum þriðjudagsmorgna

18. og 25. mars Kl. 07.00 - 08:00.

Heitt á könnunni og heilsufæði í boði.

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.**

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Hætt er að selja ofan í laugarnar hálf tíma fyrir lokun.

Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.



**Umsjónarmaður
Eyþór Brynjólfsson**

